

Kæri nemandi (í námi) - Gleðilega önn – sent 12. ágúst

Stundatöflur haustannar 2021 (see English below)

Stundatöflur nemenda eru núna sýnilegar í Innu fyrir þá sem greitt hafa skólagjöld. Athugið að þið þurfið að nota rafræn skilríki eða íslykil til að komast inn á Innu. Allir eru hvattir til að skoða töfluna sína vel og vandlega.

Eldri nemar sem telja sig þurfa töflubreytingu eiga að sækja um sem allra fyrst í gegnum Innu. Breyttar töflur birtast í Innu eftir því sem þær vinnast. Leiðbeiningar um það eru í Innu undir Aðstoð. Breyttar töflur birtast í Innu eftir því sem þær vinnast. Ef töflubreytingu er hafnað þá er það oftast vegna þess að hópar eru fullir. Ekki er hægt að sækja um P-áfanga í töflubreytingum. Þeir sem hafa sótt um P-áfanga ættu að vera komnir með þá inn í Innu. Hægt er að biðja um töflubreytingar í gegnum Innu til og með þriðjudeginum 17. ágúst. Eftir það þarf að fara til námstjóra eða áfangastjóra. Við hvetjum við ykkur til að ganga frá þessu sem fyrst.

Námsgagnalisti/bókalisti er aðgengilegur í Innu.

Timetables for Fall 2021

Students who have paid their tuition fee can check their timetable on Inna. If you are an IB student all your changes have to go through Guðmundur Arnlaugsson who is the IB-coordinator this school year.

Teaching will start in your classrooms on Thursday, August 19th after a short welcoming from the headmaster that starts at 9:00. The booklist/námsgagnalisti is accessible in Inna.

Kennsla hefst fimmtudaginn 19. ágúst kl. 9:00. Þá mæta nemendur í tíma skv. stundatöflu fimmtudags (tíminn sem á að byrja kl. 8:10 mun byrja kl. 9:00) og stofu skv. því. Í byrjun tímans verður rektor með ávarp sem streymt verður í allar stofur og hefst kennsla strax þar á eftir.

Stundatafla haustannar er hér. Kenndir eru tvöfaldir tímar fyrir hádegi alla daga nema föstudaga, einfaldir tímar eftir hádegi alla daga nema föstudaga, hádegishlé er 45 mínútur og tímar fyrir hádegi á föstudögum fara eftir öðru tímaplani en aðrir morgnar. Hluti nemenda er með tíma eftir hádegi á föstudögum eins og IB nemendur, útskriftarefni og kór. Þetta ætti að vera skýrt í stundatöflunni ykkar í Innu.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:10 - 9:05					B
09:05 - 10:00	A	B	C	D	A
10:15 - 11:10	E	F	G	H	G
11:10 - 12:05					C
Hádegi					
12:50 - 13:45	D	A	E	B	Tímar utan stokka
13:55 - 14:50	H	C	D	F	Tímar utan stokka
15:00 - 15:55	F	G	H	E	Tímar utan stokka

Hádegi er 45 mín

Hver stokkur er 4*55 mínútur

Tímar eftir hádegi á föstudögum eru fyrir lífsleikni innritaðra / lífsleikni útskriftarnema / IB / Kór

Timasetningar á tímum á föstudögum eru 8:10 - 9:05, 9:15 - 10:10, 10:25-11:20 og 11:30 - 12:25

Í MH er grímuskylda ef ekki er hægt að halda 1 m fjarlægð. Munið að við erum öll almannavarnir – sjáumst hress í MH.

Kv Helga konrektor